



Við val á júdó/manni/konu ársins skal fyrst miða við punktakerfi JSÍ og sá/sú sem afgerandi flesta punkta hefur í A-röðun skal útnefndur júdó/maður/kona ársins. Ef ekki er afgerandi munur á punktastöðu aðila hefur stjórn JSÍ heimild til að taka einnig tillit til atriða í liðum 2 til 11.

Sá íþróttamaður sem hefur brotið gegn lögum og reglum JSÍ og eða með háttsemi sinni unnið gegn anda júdóíþróttarinnar að mati stjórnar JSÍ getur ekki orðið júdó/maður/kona ársins það árið.

Nota punktakerfið sem “mælistiku” og miða þá fyrst við A-röðun sem er árangur erlendis. Ef viðkomandi keppti í fleiri en einum þvingdarflokki þá eru punktar lagðir saman úr þeim öllum. (Ekki opinn flokkur samanber punktakerfi JSÍ). Ef ekki er afgerandi munur á milli einstaklinga í A-röðun, þá er staða þeirra í B-röðun, sem er árangur innanlands, borinn saman með sama hætti. Þegar það hefur verið gert og niðurstaða fæst ekki með því, þá þarf eitthvert annað mat einnig að koma til.

Fyrst eru liðir 1-2 skoðaðir við ákvarðanatöku en ef það þáð dugar ekki til, **þá fyrst** eru allir liðir frá 3-11 skoðaðir samhliða og metnir

Við samanburð keppenda skal miða við árangur í viðkomandi aldursflokkum. Seniorar (15 ára og eldri), Juniorar (15-19 ára) og Cadet (15-16 ára).

Svona skal farið að:

- 1). Bera saman A-röðun
- 2). Bera saman B-röðun
- 3). Athuga í A-röðun hversu margar viðureignir einstaklingurinn glímdi, hversu margar vann hann og hversu margar töpuðust.
- 4). Unnið til verðlauna erlendis í opnum flokki (Opnir flokkar gefa ekki punkta)
- 5). Verið virkur á öðrum mótum en þeim sem gefa punkta.
- 6). Verið virkur allt keppnistímabilið eða aðeins hluta þess.
- 7). Mætt vel á sérstaklega boðaðar æfingar.
- 8). Lagt meira á sig umfram aðra til að ná árangri t.d. kostað keppnisferðir og eða æfingabúðir án þátttöku eða lítillar þátttöku JSÍ.
- 9). Hvernig hefur einstaklingurinn kynnt íþróttina, þ.e. hefur hann verið góður fulltrúi JSÍ og verið öðrum júdómönnum til fyrirmyndar.
- 10). Mat Tækniráðs á viðkomandi aðilum.
- 11). Verið virkur í starfsemi JSÍ annari en sem keppandi, td. aðstoð við mótahald eins og dómgæslu, klukku/stigatöflu, mótstjórn, vigtun, eða önnur vinna fyrir JSÍ.

JSÍ er heimilt að víka frá ofangreindum viðmiðum við val sitt ef sérstök ástæða þykir til.